

Fundargerð

Samráðsfundur með Skotvís vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dynjanda

Fundurinn var haldinn með Teams fjarfundabúnaði, miðvikudaginn 17. janúar 2024 kl. 11:00-11:30

Þátttakendur á fundinum voru: Áki Ármann Jónsson fulltrúi Skotvíss, Edda Kristín Eiríksdóttir og Sigrún Valgarðsdóttir fulltrúar Umhverfisstofnunar.

Markmið með fundi

- Að heyra sjónarmið Skotvís m.t.t. umfjöllunar um skotveiðar og meðferð skotvopna í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dynjanda. Rjúpnaveiði er stunduð í nágrenni við Dynjanda, einkum á Dynjandisheiði.
- Að viðra hugmynd samstarfshóps um að setja sérreglu varðandi skotveiðar og meðferð skotvopna innan hins friðlýsta svæðis
- Að ræða og fræðast um annað sem nýst gæti í stjórnunar- og verndaráætlun eða sérreglu og varðar skotveiðar
- Aðrar umræður

Fundargerð

Fulltrúar Umhverfisstofnunar kynntu tilefni fundarins og sjónarmið samstarfshóps um að mögulega væri ástæða til að ávarpa skotveiðar innan marka hins friðlýsta svæðis í grennd við þjónustusvæði. Einkum í ljósi þess að svæðið er smátt og punktálag mikið ásamt því að Dynjandi er nú heilsársáfangastaður eftir samgöngubætur í nágrenninu og Vegagerðin gerir ráð fyrir aukningu á umferð þegar öllum vegaframkvæmdum verður lokið. Enn fremur var þeirri spurningu velt upp hvort skotveiði færi saman við aðra ferðamennsku á svo litlu svæði og hvort huga þurfi að kröfum um öryggi hvað þær varðar.

Fulltrúi Skotvís tók fram að skotveiði væri ein tegund útivistar og ekki væri ástæða til að banna hana á svæði þar sem ekki ríkir sérstök lífríkisvernd, benti hann á önnur friðlýst svæði máli sínu til stuðnings. Skotvís sér ekki ástæðu til að sérstaklega verði fjallað um skotveiðar eða meðferð skotvopna í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dynjanda, þar sem á hvorugt hafi reynt innan svæðisins. Að mati Skotvís ætti að vísa til almennra laga og reglna um skotvopn og veiðar ef fjalla eigi um efnið. Komi til þess að meðferð skotvopna innan svæðisins verði vandamál, mætti endurskoða reglusetningu.

Niðurstaða

Fulltrúar Umhverfisstofnunar munu kynna sér gildandi regluverk um skotvopn og miðla umræðu fundarins og sjónarmiðum Skotvís til samstarfshóps áður en metið verður hvort og þá með hvaða hætti veiðar og meðferð skotvopna á verndarsvæðinu verða ávörpuð í stjórnunar- og verndaráætlun.